



**Breiðdalssetur**

Málvísindi - Jarðfræði - Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



## Breiðdalssetur - Greinagerð

- október 2013 -

Rekstraryfirlit 2012, áætlun 2013 og rekstraryfirlit 2. okt. 2013

Yfirlit yfir starfssemi





## Áætlun fyrir 2013 og rekstraryfirlit 2. okt. 2013

<b>Tekjur:</b>	<b>Áætlun 2013</b>	<b>Staðan 2.10.2013</b>
Framlag frá Ríkissjóði	12.100.000	10680000
Málþing um Stefán Einarsson		425000
Vaxtasamningur Austurlands	500.000	
Önnur innkoma	100.000	199236
<b>Samtals tekjur</b>	<b>12.700.000</b>	<b>11304236</b>
<b>Gjöld:</b>		
Skuld 2012 og tap(1648621 kr)	2.761.119	3.020.119
Handbók um Jarðfræði Austurlands	300.000	262.248
Minjasafn og Sarpur	0	37.224
Þýðingarvinnu	200.000	62.341
Laun og launatengd gjöld (inkl. akstur)	5.000.000	4.562.396
Vefsíða, augl. og kynningar	500.000	736.646
Ferða- og flutningskostnaður (inkl. gisting)	500.000	446.408
leiga Gamla Kaupfélagið	1.356.000	728.650
Rafmagn	400.000	362.732
Fjargæsla	120.000	123.166
Bókhaldsvinna	500.000	381.583
Annað (Viðhald, hreinsun og tæki)	250.000	263.973
Málþing um Stefán Einarsson	425.000	467.383
<b>Samtals gjöld</b>	<b>12.312.119</b>	<b>11.454.869</b>
	387.881	150.633



## Rekstraráætlun 2014

<b>Tekjur:</b>	<b>Áætlun 2014</b>	
Framlag frá Ríkissjóði	12.100.000	
Vaxtasamningur Austurlands	500.000	
Rannís?		
Vinir Vatnajökuls	1.000.000	
Önnur innkoma	100.000	
<b>Samtals tekjur</b>	<b>13.700.000</b>	
<b>Gjöld:</b>		
Skuld 2013	0	
Handbók um Jarðfræði Austurlands	1.000.000	
Þýðingarvinnu	200.000	
Minjasafn og Sarpur	50.000	
Laun og launatengd gjöld (inkl. akstur)	7.000.000	
Vefsíða, augl. og kynningar	800.000	
Ferða- og flutningskostnaður (inkl. gisting)	600.000	
leiga Gamla Kaupfélagið	1.500.000	
Rafmagn	450.000	
Fjargæsla	150.000	
Bókhaldsvinna	500.000	
Viðhald, hreinsun og tæki og annað	250.000	
Ráðstefna Walker	1.000.000	
Silfurbergssýning	1.000.000	leitað eftir fjármagn
<b>Samtals gjöld</b>	<b>14.500.000</b>	
	<b>-800.000</b>	



Í desember 2010 var sjálfseignarstofnunin Breiðdalssetur ses formlega stofnuð og ný stjórn Breiðdalsseturs tók til starfa strax þá um áramótin. Stjórn setursins hefur lagt upp með að vinna áfram að þeim verkefnum sem setrið var þáttakandi í og stóð fyrir. Lögð var áhersla á að fjölbreytt verkefni og nýjar sýningar bættust við. Eins hefur ný stjórn lagt ríka áherslu á þörf fyrir að efla rannsóknartækifæri og bæta menntasvið innan setursins.

Starfsemi Breiðdalsseturs byggir á þrem grunnstöðum.

- **Jarðfræði** byggð á verkum Dr. George Walker jarðfræðings sem starfaði við rannsóknir og kortlagningar á Austurlandi á árabílinu 1950-60. Hann byggði mikið af rannsóknarvinnu sinni síðar meir á þeirri vinnu og sagði ávallt að Ísland hefði kveikt áhuga hans á eldfjallafræði sem varð síðar sú grein sem hann varð heimsþekktur fyrir. Breiðdalssetur hefur tekið við mikilvægum gögnum um störf Walkers frá erfingjum hans.
- **Málvísindi** byggð á verkum Dr. Stefáns Einarssonar málvísindamanns frá Höskuldstöðum í Breiðdal, sem starfaði lengst af við John Hopkins háskólann í Bandaríkjunum. Stefán var kunnur málvísindamaður og kenndi meðal annars norræn málvísindi og eftir hann liggja m.a. mikil skrif um íslenska og norræna tungu og bókmenntir.
- **Samfélagið** er svo þriðja grunnstöðin, þróun þess og uppbygging byggðarlagsins út frá elsta húsi Breiðdalsvíkur sem er Gamla kaupfélagið og hýsir í dag starfsemi Breiðdalsseturs. Húsið sjálft hefur sterk söguleg tengsl við samfélagið og sveitina. Með því að efla þennan þátt er samfélagið þáttakandi í eflingu á starfi setursins. Með því að virkja samfélagið er hægt að flétta saman rannsóknarþætti sem annars væru mjög ólíkir en verða með þessu aðgengilegir og nálæg viðfangsefni, allt frá málvísindarannsóknum til þekkingar á nærumhverfi, til að mynda landslagi og lífríki.





**Breiðdalssetur**

Málvísindi - Jarðfræði - Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



## Starfsárið 2013: samantekt

Í ár var Breiðdalssetur opnað þann 15. maí og lokað 15. sept. Sumarið fór fremur hægt af stað varðandi gestagang. Fáir komu í maí, en strax fór að aukast þegar leið á júní. Rúmlega 2250 gestir hafa heimsótt Breiðdalssetur í sumar, en í töflunni hér fyrir neðan má sjá gestafjölda 2010-2013.

Árið	Fjöldi gestir		
2010	1906		
2011	1440	ekki alltaf talið	
2012	2039		
2013	2246		

Meðal gesta hafa verið margir jarðfræðingar, bæði íslenskir og erlendir og náðum við góðu sambandi við marga þeirra og möguleika til samstarfs í framtíðinni.

Eftirtaldir aðilar störfuðu hjá setrinu í sumar (s.s. sömu starfsmenn og sumarið 2012):

- Christa Maria Feucht, jarðfræðingur og verkefnastjóri 50%
- Martin Gasser, jarð- og eldfjallafræðingur 50%
- Arna Silja Jóhannsdóttir, þjóðfræðingur 100%

Frá janúar til apríl 2013 unnu Christa og Martin á tímakaupi og sáu þau um að skipuleggja fyrir sumarið, en eftir að setrið opnaði í vor jókst starfshlutfall þeirra samanlagt upp í 100%. Arna Silja vann líkt og í fyrra, 100% starf á móti þeim (frá maí til ágúst).

Ýmsu hefur verið komið í verk á árinu og í þessari skýrslu verður stiklað á stóru um það helsta.

### *Verkefni og viðburðir ársins 2013:*

Rétt fyrir opnun 15.5.2013 voru munir á samfélagssýningunni „Bernskublið Breiðdalsvík“ sem sett var upp í fyrrasumar, teknir niður og þeim skilað til eigenda sinna. Ákveðið var að spjöldin fengju að hanga lengur uppi, en gerð var ensk og þýsk þýðing á þeim. Erlendir gestir hafa verið hæstánægðir með þýðingarnar.

Steinasafn Breiðdalsseturs hefur aðeins stækkað, en Martin fór nokkrum sinum á fjöll til að ná í steindategundir sem við áttum ekki enn. Eins og nú er komið má segja að Breiðdalssetur eigi sirka 90% af þeim tegundum sem finnast á Austurlandi. Höfum við líka verið að selja steina frá því síðasta sumar og hefur það gengið ágætlega. Í sumar höfum við einnig verið með korta- og





# Breiðdalssetur

Málvísindi - Jarðfræði - Sagan

GAMLA KAUPFÉLAGIÐ BREIÐDALSVÍK



bókasölu (fugla-, jarðfræði-, plöntukort og fleira) frá Máli og Menningu. Salan og söfununarbaukur við innganginn skiluðu rúmlega 100.000 kr í ár.

Í byrjun júlí veitti Rannís Breiðdalssetri styrk til að gefa út hljóðupptökur Dr. Stefáns Einarssonar. Sótt hefur verið um styrk nokkrum sinnum áður, en umsóknunum synjað þangað til nú og erum við mjög ánægð með að hafa fengið tækifæri til úgáfu á þessum merku upptökum.

Í sumar hefur Breiðdalssetur lagt kapp á að tengja sig við atburði sem eru helst í brennidepli á Austurlandi. Í sumar birtist grein frá starfsfólki setursins í blaðinu „Austurland“ um hvernig G.P.L. Walker og rannsóknir hans tengjast fyrirhuguðum Norðfjarðargöngum (sjá má greinina á þessari slóð: <http://breiddalssetur.is/images/greinar/2013-4-7-jarfri%20og%20norfjarargng%20-%20austurland.pdf>)

Einnig hafa starfsmenn reynt eftir fremsta megni að auglýsa setrið og starfsemi þess betur, þ.á.m. í safnabókinni og á vefsíðum á borð við [www.islandermedetta.is](http://www.islandermedetta.is) og einnig má nú finna Breiðdalssetur í appinu „Be Iceland“. Auk heimasíðu setursins, [www.breiddalssetur.is](http://www.breiddalssetur.is), hefur verið búið til facebooksíða sem hefur hlotið góðar undirtektir.

Flestar greinar sem tengjast Breiðdalssetri eru nú aðgengilegar á heimasíðu okkar, [www.breiddalssetur.is](http://www.breiddalssetur.is) á eftirfarandi slóð:

[http://breiddalssetur.is/index.php?option=com\\_content&view=category&layout=blog&id=18&Itemid=14&lang=is](http://breiddalssetur.is/index.php?option=com_content&view=category&layout=blog&id=18&Itemid=14&lang=is)

Breiðdalssetur vill teygja út armana með jarðfræðilegu tilliti og nú vinna Martin og Christa að gerð handbókar um jarðfræði Austurlands. Þetta er stærsta verkefni Breiðdalsseturs eins og stendur. Vaxtasamningur Austurlands veitti styrk fyrir verkefnið. Bókin mun innihalda skemmtilegar staðreyndir um u.þ.b. 24 jarðfræðilega áhugaverða áfangastaði sem sjá má frá veginum og mun hún höfða til almennings og sér í lagi jarðfræðiáhugamanna. Áætlað er að bókin verði tilbúin næsta vor á þýsku, ensku og íslensku.

Skráning á gögnum breska jarðfræðingsins George Patrick Leonard Walker lauk á síðasta ári, unnið var að skönnun á ljósmyndum hans og náðist að ljúka henni í lok sumars.

Í nokkur ár hefur setrið unnið í samstarfi við Þorvald Þórðarson, fyrrverandi prófessor í jarðfræði við Edinborgarháskóla og núverandi prófessor við HÍ. Nokkrum sinnum hafa nemendahópar frá Edinborgarháskóla komið til Breiðdalsvíkur í feltferðir með Þorvaldi. Þá hafa nemendur bæði fengið að nota gögn Walkers og haft vinnuástöðu í setrinu á meðan dvöl þeirra hefur staðið. Lokafyrirlestrar þeirra voru haldnir í Breiðdalssetri í lok feltferðar og var Breiðdælingum boðið á viðburðinn.

Samstarf við Háskóla Íslands er að aukast. (Í árslok 2012 var undirritaður samningur um samstarf). 3-4 jarðfræðinemar, sem vinna að meistara- eða doktorsverkefnum sínum úr HÍ, byrja feltvinnu næsta vor og fá þau að nota aðstöðuna sem setrið hefur uppá að bjóða.



Ákveðið hefur verið að halda silfurbergssýningu næsta sumar í samstarfi við Leó Kristjánsson, doktor í jarðfræði (fyrirverandi starfsmanns HÍ), en fyrir nokkru síðan hélt hann sýningu um silfurberg í Öskju. Eitthvað af hans gögnum verður notað í sýninguna, en mun hún þó hafa aðrar áherslur.

Í anddyri Breiðdalsseturs hanga gamlar myndir af þorpinu, en það kom upp sú hugmynd að fara af stað með það verkefni að taka nýjar myndir frá sama sjónarhorni og þær gömlu voru teknar.

Vel hefur tekist að ná samstarfi við aðrir stofnanir sem tengjast jarðfræði á Austurlandi:

- Teigarhorn: Umhverfisstofnun og Djúpavogshreppur
- Vatnajökulsþjóðgarður
- Náttúrustofa Austurlands
- Háskóli Íslands, Höfn og Reykjavík, samstarfssamningur síðan des 2012
- Breiðdalshreppur (ásamt skólanum), samstarfssamningur síðan febrúar 2013

Gott samband hefur verið á milli okkar og dóttur George Walkers, Alison Walker, tveggja doktorsnema hans Ian Gibson og David Blake, ásamt Ómari Bjarka Smárasýni (stofnaðili Breiðdalsseturs) sem hafa unnið mikið með George Walker á Austurlandi. Seint í ágúst 2014 stendur til að halda ráðstefnu til heiðurs Walker, en leitað er eftir fjármagni til að bjóða þeim öllum til Breiðdalsviku.

Einnig ætla HÍ nemar sem nýbyrjaðir eru með doktors- og meistaraverkefni sín um Breiðdal og Beruffjörð að halda fyrirlestur.

Nokkrir viðburðir og heimsóknir hafa verið í Breiðdalssetri í sumar:

- Fyrsti viðburðurinn var málþing um dr. Stefán Einarsson frá Höskuldsstöðum sem haldið var þann 8. júní.
- 15. júní hélt Atli Ásmundsson fyrirlestur um vestur-Íslendinga í Winnipeg.
- 20. júní, 17. / 18. sept. fékk setrið heimsókn frá leikskóla- og grunnskólabörnum á Breiðdalsvík þar sem þau voru frædd um jarðfræði og sögu Breiðdalsviku. Heimsóknirnar voru vel heppnaðar og heldur samstarfið áfram.
- 7. júlí sl. var íslenski safnadagurinn og héldum við upp á hann með því að hafa kaffi og snarl handa gestum sem komu þann dag.
- 18. ágúst var sýnt handverk og hönnun úr hreindýrshornum eftir Jóhann Steindórsson frá Breiðdalsvík. Mæting heimafélks var mjög góð og mættu alls 150 manns á sýninguna.
- 26. ágúst voru árlegir fyrirlestrar Edinborgarháskóla. Breiðdælingum var boðið fylgjast með jarðfræðinemum frá Skotlandi halda fyrirlestra um lokaverkefni sín eftir fjögura daga námskeið í folti í Breiðdal og Beruffjörð.

*Christa Feucht, Arna Silja Jóhannsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir*